

Ed.

66. Nefndarálit

um frumvarp til laga um varnir gegn kynsjúkdómum.

Frá allsherjarnefnd.

Ekki verður vefengt, að sjúklingum með kynsjúkdómum hafi fjölgað hjer i landi á síðari árum, þó nokkru geti það valdið um þessa fjölgun, i samanburði við fyrri ár, að talningin sje nákvæmari en hún var áður.

Nefndin hefir því orðið sammála um, að rjett sje að gera tilraun til þess, að eftirlitið með sjúklingunum verði meira en áður og að nokkru sje verjandi til þessa eftirlits. Þó telur nefndin varla rjett, að svo komnu, að leggja rikissjóði á herðar allan þann bagga, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Kröfurnar til sjárframlags vegna heilbrigðismálanna eru þegar orðnar mjög stórfeldar og aðkallið fer sivaxandi, en getuleysið til þess að verða við þeim kröfum, svo sem þörf er á, virðist

eiga að gera löggjafana varfæra í vali og mati. Nefndin vill láta staðar nnnið við það, að rikissjóður greiði læknishjálp og lyf þeirra sjúklinga, er ekki telja sig þess umkomna að greiða fyrir þessa hjálp, og sje greitt eftir gjaldskrá hjerads-lækna, en telur að um sjúkrahúsvist verði að fara eftir þeim fyrirmælum, sem nú gilda um hana.

Fallist Alþingi á þessa tillögu nefndarinnar, má gera ráð fyrir því, að framlag rikissjóðs vegna þessara laga verði mjög lítið og stórum minna en eftir frumvarpinu.

Þegar af þeim ástæðum, er nú voru taldar, hefir nefndin orðið að bera fram nokkrar tillögur til breytinga á frumvarpinu. En auk þess hefir nefndin orðið sammála um að bera fram allmargar tillögur til breytinga á efni og orða-lagi frumvarpsins, er hún vonar, að allar miði til þess að gera lög um þetta efni betur úr garði, en nánari grein fyrir þeim tillögum verður gerð við framsögu í deildinni.

Þó verður að geta þess, að í frumvarpinu er ekki tiltekin nein viðurlög gegn brotum á fyrirmælum frumvarpsins, en svo virðist ekki mega vera. Af þeim ástæðum er tveim greinum bætt aftan við frumvarpið.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að deildin samþykki frumvarpið með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.

2. málsgrein orðist svo:

Smitandi eru sjúkdómar þessir taldir meðan þess finnast merki, að smit-unarhætta stafi af sjúklingnum, eða ætla má að þau komi síðar í ljós. Heil-brigðisstjórnin ákveður, hversu rannsókn sýktra og grunaðra skuli fram-kvæmd og hversu meta skuli sýkingarhættuna.

2. Við 2. gr.

Greinin orðist svo:

Hjeradslæknar skulu, hver í sínu hjeradi, með aðstoð lögreglustjóra sjá um allar framkvæmdir eftir lögum þessum, er miða að því að verjast sjúk-dómum þessum eða útrýma þeim, en yfirstjórn allra ráðstafana hefir heil-brigðisstjórnin á hendi.

3. Við 3. gr.

4. málsgrein orðist svo:

Hjeradslæknar skulu halda sjerstaka bók eða spjaldskrá yfir sjúklinga með syfilis, og með því skipulagi, sem heilbrigðisstjórnin leggur fyrir. Í bók þessa má eigi skrá nöfn sjúklinganna, heldur að eins einkenni-merki þeirra.

4. Við 5. gr.

2. málsgrein orðist svo:

Í öllum læknishjeruðum, þar sem ekki er sjerfræðingur í þessari grein, er það hjeraðslæknir, sem veitir ókeypis læknishjálp. En þar sem um sjerfræðinga er að gera, má fela þeim að veita þessa hjálp, auk hjeraðslæknis. Borgun fyrir ókeypis læknishjálp skal greidd samkvæmt gjaldskrá hjeraðslækna.

5. Við 6. gr.

Greinin orðist svo:

Ókeypis læknishjálp skal veitt öllum, sem ekki hafa efni á að greiða hana sjálfir, en krefjast skal af þeim vottorðs um það, að viðlögðum drengskap. Slik ókeypis hjálp nær til allrar læknishjálpar, nauðsynlegra rannsókna og lyfja, og greiðist hún úr rikissjóði. Yfirlýsingar sjúklinganna um að þeir hafi ekki efni á að greiða sjálfir læknishjálpinna, skal senda með reikningum læknanna.

6. Við 8. gr.

2. málsgrein orðist svo:

Nú telur læknir, að heilsufari sjúklings sje svo varið, eða aðrar ástæður geri það óumflýjanlega nauðsynlegt, að sjúklingi sje fyrst um sinn ekki skýrt frá, hvað að honum gangi, og skal honum það þá heimilt.

7. Við 10. gr.

2. málsgrein orðist svo:

Ef sá býr innanhjeraðs, sem talið er að valdið hafi smitun, skal læknir svo fljótt sem verða má gera gangskör að því, að hinn grunaði komi til hans til rannsókna, og leitar hann til þess aðstoðar lögreglustjóra, ef þörf er á. Lögreglustjóri sjer þá um, að hinn grunaði verði lagður á sjúkrahús, eða á annan hátt skoðaður af lækni.

8. Við 12. gr.

Greinin falli niður.

9. 13. gr. verður 12. gr.

10. Við 14. gr., sem verður 13. gr.

Greinin orðist svo:

Sjúklingar með smitandi syfilis mega ekki fóstura börn, sem ekki hafa syfilis, og ekki starfa að matsölu, matreiðslu eða veitingum.

11. 15. gr. verður 14. grein.

12. Við 16. gr., sem verður 15. gr.

Orðið »tæki« í 1. og 3. línu falli burtu.

13. 17. gr. verður 16. gr.

14. Aftan við meginmál frumv. bætast 2 nýjar greinar, sem verða 17. og 18. gr. og hljóða svo:

a. 17. gr.

Nú brýtur embættismaður gegn skyldum sínum samkvæmt þessum lögum, og varðar það þá ábyrgð sem brot á embættisfærslu.

Brjótí læknir, sem ekki er embættismaður, skyldur sínar eftir lögnum, varðar það sektum, alt að 500 kr.

Brot á ákvæðum 14. greinar verða sektum, alt að 200 kr.

b. 18. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, sje brotið ekki þannig vaxið, að það varði hegningu samkvæmt hegningarlögnum.

Alþingi, 5. mars 1923.

Jón Magnússon,
formaður.

Sigurður H. Kvaran,
framsögum.

Guðm. Guðfinnsson,
fundaskrifari.